

## Foreldrafélag Selásskóla

Foreldrafélag Selásskóla

### Almennar upplýsingar

Foreldrafélag er formlegur samstarfsvettvangur forráðamanna þar sem þeim gefst kostur á að ræða skólagöngu barna og hvaðeina sem snertir uppeldi og menntun. Félagið hefur unnið að ýmsum verkefnum með skólanum m.a. útihátíðum og skólaslitum.

### Hlutverk foreldrafélagsins

Efla samstarf foreldra og skóla

Stuðla að samstarfi innan bekkja

Sjá um uppákomur og fræðslu fyrir foreldra (t.d. fyrirlestrar)

Miðla hugmyndum og upplýsingum til foreldra

Markmið foreldrafélagsins

Áttum okkur á hvað hægt er að gera

Finum út hvað við viljum gera

Kynnast hvert öðru

Vera ófeimin við að fá aðstoð

Hlutverk foreldra

Þekki / kynnist:–

Skólanum / skólastarfi–

Kennara–

Nemendum–

foreldrum

Gefi sér tíma–

Mæta á uppákomur og fundi–

Taka þátt í uppákomum og fundum

Veri jákvæðir

## [Handbók foreldrafélaga grunnskóla](#)

Heimili og skóli hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða. Hér getur þú nálgast sem pdf skjal. Handbók foreldrafélaga grunnskóla.

Stjórn foreldrafélagsins

Stjórn foreldrafélagsins 2023-2024 skipa: Formaður:

Inga Lára Sigurðardóttir

foreldrafelag.selasskola@gmail.com

Gjaldkeri:

Guðjón Haraldsson

Aðrir stjórnarmenn: Berglind Magnúsdóttir, Anna Kristín Bang Pétursdóttir og Katrín Erna Gunnarsdóttir

### **Bekkjarfulltrúar**

Bekkjarfulltrúar gegna stóru hlutverki í samstarfi heimilis og skóla. Þeir starfa í nánú sambandi við stjórn

foreldrafélagsins og standa fyrir skemmtunum og atburðum í bekkjunum sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Hlutverk bekkjarfulltrúa:

- Stuðla að öflugu samstarfi foreldra, nemenda og kennara
- Halda utan um dagskrá sem ákveðin er á sameiginlegum fundi foreldra
- Miðla verkefnum á vegum foreldrafélags
- Tengiliður við foreldrafélag, skólastjórnendur, kennara
- Verkstjóri

Upplýsingar um nöfn bekkjarfulltrúa koma eftir 15. september

### **Foreldrasamstarf**

Selásskóli er grunnskóli þar sem grundvöllur starfsins er fræðsla og uppeldi sem byggir á Aðalnámsskrá grunnskóla og

þeirri stefnu sem mörkuð er af fræðsluyfirvöldum Reykjavíkur. Í stefnu skólans segir m.a.:

"Í erli og hraða samfélagsins sem við lifum í, er þörf á því að ala börn upp í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og

öðrum. Þau þurfa að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera manneskja. Uppeldi barnanna er fyrst og

fremst á ábyrgð foreldra. Foreldrar kenna þeim umgengisvenjur, kurteisi og háttþrýði og í Selásskóla þjálfast þau í

samskiptum við aðra og að vera þátttakendur í samfélagi ólíkra einstaklinga. Selásskóli leggur áherslu á samstarf við

foreldra með velferð nemenda að leiðarljósi."

Í Selásskóla hefur verið lögð áhersla á að samstarf skólans og foreldra einkennist af jákvæðum samstarfsanda og

að gagnkvæm virðing ríki milli aðila. Það er hverjum skóla mikilvægt að eiga í traustum samskiptum við heimilin og

þetta er þáttur sem þarf að rækta og hlúa að. Þátttaka og stuðningur foreldra við börnin sín í skólastarfinu skiptir miklu

máli og hefur áhrif bæði á námsárangur þeirra og líðan. Foreldrar þekkja börnin sín best og því er lögð áhersla á það við

foreldra að þeir séu í góðu sambandi við skólastjórnendur og kennara hvenær sem þeir telja þörf á, á sama hátt og

skólastjórnendur og kennarar munu á hverjum tíma hafa samband við foreldra ef talin er nauðsyn á, t.d. vegna líðan

nemenda eða til að efla og styrkja náms- og félagsfærni þeirra.

Í samstarfsáætlun skólans við foreldra er greint frá því hvernig samstarfi skóla og heimilis er háttað, markmiðum

samstarfsins, hlutverki skólans og foreldranna, skólaráðs, foreldrafélags og árgangafulltrúa.